

# KJÖLFESTA

KJÖLUR STÉTTARFÉLAG STARFSMANNA Í ALMANNAÞJÓNUSTU | 2. TÖLUBLAÐ 2025 | 21. ÁRGANGUR

- Ár kjarasamningagerðar
- 36 stunda vinnuvika fest í kjarasamning
- Starfið mitt
- Starfsfólk Kjalar og skipulag

# Kjalarkonur sem starfa fyrir þig!

Dagleg starfsemi Kjalarkonur stéttarfélags er á þremur skrifstofum. Skrifstofur félagsins eru í Alþýðuhúsinu á Akureyri, á Ísafirði og í Stykkishólmi.

## Verkefni og skipulag



**Arna Jakobína Björnsdóttir**, formaður Kjalarkonur leiðir stjórn félagsins og ber ábyrgð á að hún starfi í samræmi við samþykktir þess og lög. Formaður tekur þátt í gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn og tryggir að hagsmunir þeirra séu virtir. Auk þess situr hún í ýmsum stjórnnum og nefndum fyrir hönd félagsins og vinnur að því að bæta kjör og starfsskilyrði félagsmanna í samræmi við stefnu félagsins.



**Anna Guðný Guðmundsdóttir**, rekstrarstjóri Kjalarkonur sér um daglegan rekstur félagsins og tryggir að starfsemin gangi vel fyrir sig. Hún tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð fyrir félagið til þess að tryggja að markmið þess náist. Anna heldur auk þess utan um sjóði félagsins og greiðslu styrkja. Hún er því í nánum samskiptum við stjórn og félagsfólk.



**Hafdís Erna Ásbjarnardóttir**, lögfræðingur Kjalarkonur sinnir ráðgjöf og stuðningi við félagsfólk er varðar réttindamál sem tengjast vinnu félagsfólks og túlkun kjarasamninga. Hún tekur jafnframt þátt í gerð kjarasamninga til að tryggja að þeir séu í samræmi við lög og hagsmuni félagsfólks. Einnig hefur hún séð um námskeið og fræðslufundi fyrir félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur á vinnu- markaði.



**Hulda Björk Gunnlaugsdóttir**, bókarí Kjalarkonur starfar á skrifstofu félagsins á Akureyri. Hún heldur utan um og skráir útgjöld og tekjur allra sjóða félagsins, sér um afstemmingar og undirbúning fyrir ársreikningagerð til endurskoðanda. Auk þess tekur hún þátt í almennri upplýsingagjöf og þjónustu við félagsmenn á skrifstofunni. Hulda Björk hóf störf á skrifstofu Kjalarkonur þann 1. nóvember 2024 og er boðin velkomin til starfa.



**Þóra Sonja Helgadóttir**, verkefnastjóri í Stykkishólmi sinnir þjónustu við félagsfólk, tekur á móti símtölum, tölvupóstum og öðrum erindum og veitir upplýsingar. Hún sér um orlofseignir félagsins og er tengiliður trúnaðarmanna. Þóra heldur utan um viðburði á vegum Kjalarkonur og sinnir jafnframt ýmsum sérverkefnum sem tengjast félaginu og starfsemi þess á Vesturlandi.



**Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir**, verkefnastjóri á Ísafirði sinnir þjónustu við félagsfólk, tekur á móti símtölum, tölvupóstum og öðrum erindum og veitir upplýsingar. Hún sér um að móttaka og yfirfara iðgjöld, veita upplýsingar um orlofsmál auk þess að sinna ýmsum tilfallandi verkefnum sem tengjast daglegum rekstri félagsins á Vestfjörðum.



Útgefandi:  
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu  
Skipagötu 14, þriðju hæð | 600 Akureyri  
Sími 525 8383  
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is  
Skrifstofa Kjalarkonur stéttarfélags, Ísafirði  
Aðalstræti 24 | Sími 525 8329 | ragnheidurasa@kjolur.is  
Skrifstofa Kjalarkonur stéttarfélags, Stykkishólmi  
Aðalgötu 10 | Sími 525 8328 | thorasonja@kjolur.is

Forsíðumynd:  
Dyrfjöll í vetrarbúningi/  
Arna Jakobína Björnsdóttir

Ábyrgðarmaður:  
Arna Jakobína Björnsdóttir  
Umsjón, textavinnsla og umbrot:  
Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvöðuð prentsmiðja



# Kjarasamningagerð stærsta verkefni liðins árs

Stærsta verkefni liðins árs var kjarasamningsgerð en aðfaranótt 13. júní undirrituðu fulltrúar Kjarar stéttarfélags og tíu annarra aðildarfélaganna BSRB samning við Samband íslenskra sveitarfélaga. Strax í kjölfarið voru undirritaðir hliðstæðir samningar við ríkið. Báðir voru samningarnir samþykktir í atkvæðagreiðslu félagsfólks Kjarar síðar í júnímánuði. Í heild voru 421 á kjörskrá í atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn við ríkið og greiddu 31,59% atkvæði. Af þeim samþykktu 119 eða 89,47% en 9,77% voru mótfallin samningnum.

Á kjörskrá í atkvæðagreiðslu um samninginn við Samband íslenskra sveitarfélaga voru 1.295. Af þeim fjölda greiddu 554 atkvæði eða 43%. Þar af samþykktu 500 samninginn eða 90%. Nei sögðu 6,89% og 3% tóku ekki afstöðu.

„Kjarasamningar voru stóra verkefnið í félagsstarfinu á síðasta ári en samningar voru lausir þann 1. mars. Til viðbótar við stóru samningana í júní lukum við síðan minni samningum með haustinu og núna erum við í vinnu við stofnanasamninga, fyrst og fremst við Heilbrigðisstofnun Austurlands og Sjúkrahúsið á Akureyri,“ segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjarar stéttarfélags. Samningarnir í fyrra komu í kjölfar skammtímasamninga sem gerðir voru árið 2023 en að þessu sinni var samið til fjögurra ára.

## Lokaáfanginn í vinnuvikustyttingunni

Í grunninn segir Arna Jakobína að samningarnir fylgi öðrum samningum á almennum og opinberum mörkuðum hvað launahækkunar varðar. Eitt stærsta málið segir hún þó snúa að styttingu vinnuvikunnar.

„Tímamótin með þessum kjarasamningum felast í því að 36 stunda vinnuvika er nú komin inn í kjarasamning í stað þess að hafa verið í sérstöku fylgiskjali með fyrri kjarasamningi. Þetta er því lokaáfang langrar baráttu opinberra starfsmanna fyrir styttingu vinnuvikunnar, auk þess sem áfram var í þessum samningi unnið að því að sníða vankanta af breytingu á vaktavinnu. Það sem hins vegar stendur enn eftir er þræta sem við eigum í við sveitarfélögin um starfsfólk grunnskólanna þar sem við erum að berjast fyrir því að okkar fólk fái starfshlutfall metið á heilsársgrunni og laun alla mánuði ársins samkvæmt því starfshlutfalli. Þetta er mjög stórt hagsmunamál fyrir þennan hóp fólks sem starfar í grunnskólunum sem hefur búið við að fá aðeins laun þann hluta ársins sem skólarnir starfa. Ég vona sannarlega að okkur takist að fá þessu atriði breytt fyrir þennan starfsmannahóp,“ segir Arna Jakobína.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB og Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjarar stéttarfélags skrifa undir kjarasamning við samninganefnd sveitarfélaga aðfaranótt 13. júní 2024.

## KJARASAMNINGUR

2024-2028

### Kjarasamningar í prentútgáfu

Prentun kjarasamninga er í vinnslu.


Hægt verður að panta eintak á heimasíðu Kjarar, [www.kjolur.is](http://www.kjolur.is)

## Einkavæðingu heilbrigðiskerfisins skal hafna

Fulltrúar Kjarar stéttarfélags sóttu landsfund stéttarfélaga starfsmanna sveitarfélaga innan BSRB í nóvember síðastliðnum. Í ályktun fundarins er lögð áhersla á hvatningu til stjórnvalda um félagslegan stöðugleika, ekki síður en efnahagslegan.

„Nauðsynlegt er að forgangsraða í þágu uppbyggingar í velferðarkerfinu og hafna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Mönnun opinberra starfsemi ríkis og sveitarfélaga þarf að haldast í hendur við þær kröfur sem gerðar eru til þeirrar opinberu þjónustu sem íbúar krefjast að veitt sé,“ segir í ályktun fundarins.

## Hlutfall einstaklingsstyrkja



# Fræðslustyrkir úr sjóðum Kjalar 2024

Kjölur stéttarfélag greiðir styrki vegna fræðslu úr þremur sjóðum auk styrkja úr tveimur vísindasjóðum. Fræðslusjóður Kjalar er stærsti sjóður félagsins þegar kemur að einstaklingsstyrkjum fyrir félagsmenn. Markmið sjóðsins er að auka hæfni sjóðfélaga og möguleika þeirra til þróunar í starfi eða eftir atvikum að styrkja þá til sí- og endurmenntunar. Sjóðurinn leggur áherslu á að aðstoða félagsfólk í því verkefni að bæta við og/eða endurnýja menntun sína og viðhalda virði sínu á vinnumarkaði.

Á árinu 2024 voru afgreiddir 415 styrkir úr Fræðslusjóði Kjalar en þeir voru 304 árið 2023. Styrkumsóknunum hefur því fjölgað og útgjöld félagsins vegna einstaklingsstyrkja jukust um tæp 30% á milli ára. Stærstur hluti styrkja er vegna háskólanáms eða rúm 28% af heildarupphæðinni, starfstengd námskeið eru tæp 27%, framhaldsskólanám er rúm 15% og námskeið sem tengjast sjálfsstyrkingu og lífsleikni félagsmanna eru tæp 9%. Styrkir vegna náms- og kynnisferða voru nær eingöngu greiddir út sem einstaklingsstyrkir á árinu 2024 og er hlutfell þeirra orðin tæplega 21% af heildarstyrkjum sjóðsins. Heildarútgjöld Fræðslusjóðs vegna einstaklingsstyrkja árið 2024 voru 28.224.403 krónur.


Auk þess að greiða einstaklingsstyrki styður sjóðurinn við fræðslu félagsmanna með því að bjóða frí námskeið í gegnum samstarfsaminga við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á félagssvæðinu. Í heild nutu 178 félagsmenn góðs af þessum námskeiðum og var kostnaður sjóðsins vegna þeirra 4.462.663 krónur árið 2024.

Vísindasjóðir félagsins eru tveir og er markmið þeirra að auka tækifæri sjóðfélaga til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Styrkir úr sjóðunum voru 36 á árinu 2024 að heildarupphæð 3.563.032 krónur.

Mannauðssjóðir Kjalar og Samflots veittu styrki til fræðsluverkefna á vegum sveitarfélaga og stofnana þeirra sem tengjast markvissri starfsþróun starfsfólks sveitarfélaga. Alls nutu 357 félagsmenn góðs af þeim en heildarupphæð styrkjanna árið 2024 var 8.785.899 krónur. Auk þessa greiðir Mannauðssjóðurinn til Starfsmenntar sem er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaga BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf á sviði mannauðsefningar. Starfsmennt styður færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búinir til að takast á við fjölbreytt verkefni og breytingar í starfsumhverfi. Í heild nýtti 101 félagsmaður frí námskeið á vegum Starfsmenntar og greiddi sjóðurinn 3.432.790 krónur vegna þeirra.

Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu hefur að markmiði að auka möguleika ríkisstofnana, þar sem m.a. félagsmenn Kjalar starfa, til að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma og efla símenntun félagsmanna með það fyrir augum að þeir séu færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni. Alls nutu 35 af félagar Kjalar góðs af þeim styrkjum sem veittir voru til ríkisstofnana á félagssvæði Kjalar og voru þeir að fjárhæð 3.186.067 krónur á árinu 2024. Auk þessara námskeiða hafa ríkisstarfsmenn sem eru félagsmenn Kjalar óskertan aðgang að fríum námskeiðum hjá Starfsmennt.

## Fræðslusjóður Kjalar



## Öflugt trúnaðar- mannastarf

Tvö trúnaðarmannanámskeið voru haldin á liðnu ári en snemma hausts var reglubundin kosning trúnaðarmanna Kjalar stéttarfélags og var síðara námskeiðið haldið á Akureyri í nóvember. Margir trúnaðarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs og nýir bættust í hópinn en trúnaðarmenn Kjalar stéttarfélags eru um 50 talsins.

Meðfylgjandi mynd var tekin í skemmtiferð á fyrra trúnaðarmannanámskeiði ársins en þá var farið í heimsókn í Dalvíkurbyggð og litið við í Bruggsmiðjunni Kalda á Árskógssandi og Ektafiski á Hauganesi.



## Orlofsblaðið er komið út

dreift í ár bæði í prentuðu formi og á kjolur.is

Félagsfólk – munið að þann 1. apríl verður opnað fyrir bókanir á orlofsvefnum fyrir júlí, ágúst og september. Einnig fyrir umsóknir um „Orlof að eigin vali“





Glaðbeittur 70 manna hópur Kjalarfólks sem starfar í leikskólum á félagssvæðinu mætti á fræðsludaginn í Stykkishólmi.

## Frábær fræðsludagur félagsfólks í leikskólunum

Kjölur stéttarfélag stóð í fyrsta sinn fyrir sértökum fræðsludegi fyrir félagsfólk í störfum í leikskólum á félagssvæðinu þann 18. september síðastliðinn. Fræðslusjóður félagsins styrkti dagskrána sem Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður, segir að hafi tekist einstaklega vel.

„Hugmyndin kviknaði út frá verkfallinu á sínum tíma, að gera eitthvað fyrir þann hóp félagsfólks sem stóð vaktina í verkfallinu. Svo þróaðist þetta út í að gera veglegan dag með fræðsludagskrá, mat og kaffi og þarna kom um 70 manna hópur víða af félagssvæði okkar. Einstaklega vel heppnaður dagur,“ segir Arna Jakobína.

Boðið var upp á fræðslu um ADHD og skyldar raskanir, niðurstöður úr könnun á viðhorfi leikskólustarfsmanna til starfsumhverfis og stjórnunar á vinnustöðum voru kynntar auk þess sem Anna Steinsson frá KVAN fjallaði um hvað einkennir jákvæð samskipti á vinnustöðum og almennt um samskipti á milli kynslóða. Einnig var fjallað um það sem í boði er í símenntun fyrir ófaglærða starfsmenn leikskóla.

„Í ljósi góðrar reynslu af þessari dagskrá stefnum við á að halda hliðstæðan fræðsludag í september í haust fyrir félagsfólk okkar



Fróðleg erindi og líka skemmtileg!

í grunnskólunum því við fundum vel hversu mikilsvert það var fyrir hópinn úr leikskólunum að hittast og spjalla,“ segir Arna Jakobína.



Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, fór yfir hlutverk starfsmenntunarsjóðs og stefnu félagsins í fræðslumálum.



Anna Steinsson frá KVAN fjallaði m.a. um samskipti milli kynslóða.

# Vinnuvika orðin 36 stundir



Mynd: Shutterstock

Þann 1. nóvember síðastliðinn var leitt í samninga sveitarfélaga og ríkis að vinnuvikan skuli vera 36 virkar vinnustundir. Í kjarasamningunum 2020 var samið um að vinnuvikan styttest um fjórar stundir að hámarki á vinnustöðum þar sem unnið er í dagvinnu. Styttingin tók gildi þann 1. janúar 2021 hjá dagvinnufólki. Breytingar á vinnufyrirkomulagi og skipulag á hverjum vinnustað var háð samtali starfsfólks og vinnuveitanda. Útfærslan þurfti að taka mið af starfsemi vinnustaðar og var því ólík milli vinnustaða. Innleiðingin gekk almennt vel og hátt hlutfall vinnustaða bæði hjá ríki og sveitarfélögum fór í hámarks styttingu.

## Styttri vinnutími - betri heilsa - meira öryggi

Við þessa breytingu er í kjarasamningum kveðið á um að starfsfólki í dagvinnu er heimilt að neyta matar og drykkjar við vinnu sína þegar því verður við komið starfsins vegna en hefur ekki forræði yfir þeim hléum nema um annað sé samið. Sú heimild sem vísað er í er háð samkomulagi stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar að ákvarða dagleg hlé sem eru á forræði starfsmanna.

Markmið vinnutímabreytinga snúa m.a. að heilsu og öryggi starfsfólks. Regluleg hlé frá störfum hafa bein áhrif á andlega og líkamlega líðan starfsfólks og þess vegna er t.a.m. sérstaklega fjallað um þau í tengslum við hvíld frá störfum í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## Samkomulag um hlé

Á þeim vinnustöðum þar sem starfsfólk getur brugðið sér frá störfum til að nærast eða hvílast eru hlé ekki sérstaklega tíma-sett. Í öðrum störfum þar sem slíkt er erfiðara svo sem vegna þess að starfsfólk þarf að leysa hvert annað af til að taka hlé frá störfum þarf að gera ráð fyrir því sérstaklega við skipulag vinnudagsins.

Kjösi starfsfólk að fara heim í hádegishléi eða hafa tiltekna lengd á hléi fyrir og/eða eftir hádegi er slíkt heimilt. Það er þá ákvörðun vinnustaðarins, þ.e. stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta starfsfólks, hvert fyrirkomulag slíkra hléa verður. Slík hlé eru ekki hluti virks vinnutíma.

## Launadreifing er ekki sama og vinnutímadreifing

Við innleiðingu þessara breytinga hafa ákveðnir hópar á vinnu- markaði setið eftir vegna eðlis starfa þeirra en þar ber helst að nefna starfsfólk grunnskóla. Innleiðing á 36 stunda vinnuviku með tilliti til launadreifingar hefur valdið talsverðum breytingum en launadreifing á að vera val hvers og eins en ekki regla. Ljóst er að starfsemi skóla er 9,5 mánuði á ári og hefur launadreifing verið sett upp til þess að brúa það bil sem vinna og orlof nær ekki til eða um það bil 20 daga.

Borið hefur á að skólastórar hafi ákveðið að tilteknir dagar séu ólaunaðir frídagar þar sem starfsfólk hafi ekki verkefni þá daga. Einhliða ákvörðun um ólaunaða frídaga rúmast ekki innan heimildar kjarasamninga. Vinna við launadreifingu og söfnun tíma og frídaga er enn ófrágengin við Samband Íslenskra Sveitarfélaga og er vinna vegna hennar hvergi nærri lokið.

Ákvæði kjarasamninga hafa að geyma lágmarkskjör sem gilda vegna starfa sem falla undir gildissvið hlutaðeigandi kjarasamninga. Í því felst að kjarasamningur leggur grunn að lágmarkskjörum allra sem taka laun og önnur starfskjör samkvæmt hlutaðeigandi kjarasamningi. Þá ber vinnuveitanda að tryggja við gerð ráðningarsamninga að laun og önnur starfskjör séu ekki lakari en kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi.

# Starfsmatskerfið mesta framfaraspor síðustu ára

Rætt við Árna Egilsson, varaformann Kjalar



Árni Egilsson hefur verið varaformaður Kjalar stéttarfélags frá árinu 2014. „Kjölur er öflugt félag sem hefur alla burði til að vera það til framtíðar,“ segir hann.

„Einhvern veginn kemur maður sér gjarnan í þá stöðu að hafa mikið að gera og ég hef oft sagt að félagsstörfín séu mitt hobbí. Muni ég rétt er ég búinn að vera í stjórnnum einhvers konar félagasamtaka síðan ég var 14 ára gamall, hef komið við í nemendafélagi, leikfélagi, stjórn Sjálfstæðisfélagsins hér á Sauðárkróki, stjórn Starfsmannafélags Skagafjarðar, stjórn Kjalar, sveitarstjórn og þannig gæti ég áfram talið. Ef maður tekur eitthvað svona lagað að sér þá vill maður einfaldlega reyna að gera sitt besta,“ segir Árni Egilsson, varaformaður Kjalar stéttarfélags.

## Síðasta stjórnarárið framundan

Árni hefur staðið í stafni í stéttarfélagsbaráttu fyrir opinbera starfsmenn í rúma tvo áratugi. Hann varð formaður Starfsmannafélags Skagafjarðar árið 2004 og áratug síðar varð hann varaformaður Kjalar stéttarfélags í kjölfar sameiningar félagsanna tveggja. Árni er nú að hefja sitt síðasta starfsár í stjórn Kjalar og segir tímabært að láta staðar numið á aðalfundi 2026 og hleypa nýju blóði að í forystunni.

„Þetta er gangurinn. Endurnýjun í stjórn félags eins og Kjalar er góð en það er líka nauðsynlegt að hafa til staðar fólk með reynslu sem þekkir vel til félagsins, starfseminnar og sögunnar. Þetta þarf því að vera hæfileg blanda.“

## Stórt félag betra fyrir félagsmenn

Árni segir grundvallarmun á litlu félagi, líkt og Starfsmannafélag Skagafjarðar var á sínum tíma og félagi á borð við Kjöl sem telur vel á þriðja þúsund félagsmenn.

„Á stjórnarmönnum í litlu félagi hvílir mun meiri ábyrgð að koma hlutunum í framkvæmd og gjarnan voru litlu félögin líka með samflot í ýmsum málum sem þá kallaði líka á mikla vinnu stjórnarmanna. Þannig þurfti að ræða sig niður á niðurstöður í málum í samfloti sem gat tekið talsverðan tíma. En grundvallaratriðið er hins vegar það að stórt félag eins og Kjölur getur veitt félagsmönnum mun betri þjónustu á öllum sviðum. Þar eru starfsmenn til staðar í dagleg verkefni en hlutverk stjórnarmanna með öðrum hætti. Í nútímaþjóðfélagi þá finnst mér það vera þannig að stórt stéttarfélag geti haldið betur utan um félagsmanninn en lítil félög geta gert. Það verður auðveldara að halda utan um trúnaðarmannahópinn og það smitar síðan út á vinnustaðina. Sama gildir um alla upplýsingamiðlun til hins almenna félagsmanns sem við fundum að jókst til muna eftir sameininguna. Síðan er vert að nefna að ýmis erfið mál sem upp koma hjá launamönnum eru faglegar unnin í félagi af þessari stærðargráðu. Af reynslunni tel ég þess vegna að það hafi verið gott skref á sínum tíma að sameinast inn í Kjöl,“ segir Árni.





Árni ásamt öðrum fulltrúum Kjarar stéttarfélags á BSRB þingi á síðasta ári.

## Starfsmatið hefur skilað árangri

Þegar kemur að kjarasamningum og slíkum málum segir Árni það augljóst að slagkraftur stærri félaganna sé meiri, sem og þungi þeirra í störfum heildarsamtaka opinberra starfsmanna, BSRB. Árni segist í sinni stjórnartíð hafa lagt áherslu á að leggja hönd á plóg í samstarfi innan BSRB og í gegnum það lá leið hans inn í vinnu við starfsmatið, virðismatskerfi starfa hjá sveitarfélögum.

„Þetta kerfi hefur þróast mjög vel á síðustu 10 árum og er enn í þróun. Kerfið kom fyrst á um aldamótin og skilaði þá strax ávinningi til lægst launaða hópsins en síðan kom stöðunar-tímabil sem stóð alveg til 2014-2015. Þá var aftur settur kraftur í að vinna í þessu kerfi, komið var á sérstakri verkefnastofu starfsmats og það breytti miklu. Þar með var úrvinnsla í starfsmatinu komin til aðila sem eru óháðir viðsejendum, annars vegar okkur stéttarfélagunum og hins vegar Sambandi sveitarfélaga. Þetta tel ég að hafi verið vendipunktur í því að starfsmatskerfið færi að virka eins og það á að gera og að launafólk fái sínar umsóknir um endurmat á störfum og launum afgreiddar. Það er hins vegar mikilvægt að undirstrika í þessu samhengi að í starfsmati er alltaf verið að endurmeta starfið sjálft en ekki starfsmanninn sem slíkan. Í upphafi voru það fyrst og fremst félögin í BSRB og ASÍ sem voru með í starfsmatinu en í dag eru allir félagsmenn í BHM líka komnir þarna inn. Eftir að hafa mikið starfað í þessum hluta stéttarfélagsmálanna þá finnst mér þarna vera mesta framförin sem ég hef upplifað síðan ég byrjaði að starfa í félagsmálum á þessum vettvangi. Vandamálið í dag er hins vegar að sveitarfélögin eru ekki að sinna starfsmatinu nógu vel og hafa ekki byggt upp þekkingu til að fylgja þessari

vinnu eftir. Það hefur leitt af sér neikvæða umræðu um starfsmatið.“

## Þjónusta og upplýsingaflæði lykilatriði

Árni segir að stærsta framtíðarverkefni Kjarar sé að halda vel utan um upplýsingaflæði til félagsmanna, virkja þannig félagsandann og standa síðan áfram vörð um góða þjónustu við félagsfólk.

„Það eru ýmsir sjóðir starfandi hjá stéttarfélagunum sem félagsfólk getur sótt í og við sjáum vel að góð upplýsingamiðlun um það sem í boði er skilar alltaf betri nýtingu sjóða,“ segir Árni um einstaka mikilvæga þætti í starfinu.

„Síðan má nefna orlofshúsin þar sem Kjölur er núna með mjög mikið framboð miðað við fjölda félaga. Ástæða þess er hins vegar fyrst og fremst nýlegar sameiningar og orlofseignir sem þeim fylgdu en það er svo okkar sem stýrum félaginu að vinna úr því. En aðal verkefnið fyrir félagið, hér eftir sem hingað til, eru kjaramálin og gerð kjarasamninga. Í þeim þáttum koma allar þessar áherslur saman, virkni félaganna, upplýsingaflæðið og öflugt trúnaðarmannakerfi, svo dæmi séu nefnd. Kjölur er öflugt félag sem hefur alla burði til að vera það til framtíðar,“ segir Árni Egilsson.

# Staða og líðan Kjalarfólks

## rýnt í niðurstöður nýlegrar könnunar Vörðunnar

Í nýlegri könnun Vörðunnar um stöðu launfólks var staða félagsfólks Kjalar sérstaklega skoðuð. Markmið könnunarinnar var að kanna fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, andlega og líkamlega heilsu og mismun á vinnumarkaði.



### Niðurstöður

- » Flestir búa í eigin húsnæði eða um 84% samanborið við 62% hjá öðrum félögum.
- » Í samanburði við önnur félög á félagsfólk Kjalar auðveldara með að ná endum saman, þ.e. um 40% sögðust eiga nokkuð auðvelt með að ná endum saman. Þetta hlutfall var 34% hjá öðrum félögum.
- » Spurt var um fjárhagsstöðu með tilliti til þess að fólk geti mætt óvæntum útgjöldum sem nema 80.000 kr. Hlutfall þeirra Kjalarfélaga sem svöruðu játandi var 57% en 31% neitandi.
- » Þegar fjárhagsstaða félagfólks var skoðuð frekar var fjárhagsstaða sambærileg fyrri árum hjá 48% Kjalarfélaga, verri hjá 7% og 15% svarenda töldu hana nokkuð betri.
- » Sérstaklega var spurt um þætti sem félagsfólk teldi sig ekki geta staðið straum af, þ.e. efnislegur skortur. Flokkarnir eru vanskil lána, árlegt frí, staðgóð máltíð, óvænt útgjöld, sími, sjónvarp, þvottavél, bíll og upphitun húsnæðis. Félagfólk Kjalar nefndi flest einn þátt sem skortur væri á eða um 16%, 8% nefndu tvo þætti, almennt efnislegan skort nefndu 4% svarenda og verulegan skort 1% svarenda.
- » Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna í hópi félagsfólks Kjalar mældist 12% á meðan fjárhagslegt sjálfstæði karla mældist 25%. Til samanburðar voru niðurstöður hjá öðrum konum í könnuninni 19% og hjá öðrum körlum 37%.

- » Yfir helmingur svarenda Kjalarhópsins taldi nokkra byrði af húsnæðiskostnaði eða 55% svarenda. Þetta hlutfall var 46% hjá öðrum svarendum.
- » Við skoðun á fjárskorti á síðustu 12 mánuðum og hvort hann kæmi í veg fyrir að hægt væri að greiða grunnþætti fyrir börn voru helstu þættir næringarríkur matur, afmælis- og jólagjafir og skipulagðar tómsundur. Félagfólk Kjalar var flest með einn þátt eða 7% svarenda, 5% með tvo þætti og 6% með þrjá þætti.
- » Hvað varðar líkamlegt heilsufar töldu 46% svarenda Kjalarfólks það vera mjög gott eða frekar gott. Þetta hlutfall var 49% hjá öðrum svarendum í könnuninni.
- » Helstu daglegu neikvæðu einkenni voru þreyta og orkuleysi og svefnerfiðleikar og voru þar niðurstöður á pari við aðra svarendur. Mikill munur var á milli kynja samkvæmt svörum þar sem konur segjast finna fyrir meiri einkennum.
- » Slæm andleg líðan mældist um 31% meðal kvenna í svarandahópi Kjalarfólks til samanburðar við 38% meðal annarra kvenna. Hjá körlunum í félagahópi Kjalar var hlutfallið 13% til samanburðar við 32% hjá öðrum körlum sem svöruðu í könnuninni.
- » Mismunun mældist 3% út frá svörum félagsfólks Kjalar, samanborið við 6% hjá öðrum. Mismunun vegna kyns mældist 2% hjá Kjalarfólki til samanburðar við 4% hjá öðrum, mismunun vegna uppruna mældist 1% hjá Kjalarfólki til samanburðar við 9% hjá öðrum, mismunun vegna fötlunar mældist 1% hjá Kjalarfólki og einnig hjá öðrum og mismunun af öðrum ástæðum mældist 10% hjá Kjalarfólki til samanburðar við 8% hjá öðrum.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Vörðunnar, [www.rannvinn.is](http://www.rannvinn.is)

## Vinnutímabók 2025

### Vinnutímabók fyrir árið 2025 er komin út

Hægt er að panta hana á heimasíðu Kjalar, [www.kjolur.is](http://www.kjolur.is).





## Starfið mitt

# „Alltaf gaman að mæta í vinnuna“

Klaudia Gunnarsdóttir og eiginmaður hennar, Sigurður Grétar Jónasson, una hag sínum vel í Stykkishólmi.

„Það er mjög misjafnt milli skóla í hverju starf stuðningsfulltrúa felst en í mínu tilfalli fylgi ég sjöunda bekk, er í tímum en fylgi sérstaklega 2-3 nemendum eftir og er þeim til stuðnings í náminu. Mitt starf er undir stjórn bekkjarkennarans og við höfum náðið og gott samstarf,“ segir Klaudia Gunnarsdóttir, stuðningsfulltrúi og tulkur við grunnskólann í Stykkishólmi en auk þessara hlutverka er Klaudia jafnframt trúnaðarmaður Kjalar á vinnustað sínum.

### Íslendingur með pólskar rætur

Klaudia fæddist í Póllandi og bjó þar til fimm ára aldurs en fluttist þá með móður minni, sem er pólsk, til Grundarfjarðar og ólst þar upp til 18 ára aldurs. Þá flutti hún til Egilsstaða, síðan til Danmerkur þar sem hún kynntist eiginmanni sínum og þau fluttu svo í hans heimabæ í Stykkishólmi árið 2018. Klaudia talar því pólsku og hluti af hennar starfi við grunnskólann er að túlka á t.d. foreldrafundum með pólskum foreldrum grunnskólabarna eða í öðrum tilvikum þegar upp koma erfiðari mál.

„Ef slíkt gerist er mjög mikilvægt að öll skilaboð berist rétt á milli og það er tilgangurinn með túlkabjónustunni. En þó að ég hafi verið allra fyrstu ár ævi minnar í Póllandi þá er ég lítill Pólverji í mér. Fyrst og fremst tengi ég við Pólland í gegnum tungumálið og svo er pólski maturinn frábær!“

### Lærdómsríkt að vera trúnaðarmaður

Klaudia hefur verið í starfi sínu hjá grunnskólanum í Stykkishólmi síðan 2019 og hefur verið stuðningsfulltrúi á öllum skólastigunum þremur.

„Mér hefur alltaf liðið vel í þessu starfi, elska það og finnst ég á hverjum vetri vera að upplifa besta árið mitt í vinnunni. Það er alltaf gaman að vakna og mæta í vinnuna. Alltaf nýjar áskoranir að takast á við, nýjar upptakur en þá er ég fyrst og fremst að tala um þær á jákvæðan hátt,“ svarar Klaudia. Hún varð strax trúnaðarmaður Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu þegar hún hóf störf við grunnskólann og hélt því áfram eftir að félagið og Kjölur stéttarfélag sameinuðust.

„Það eru alls kyns mál sem koma til mín sem trúnaðarmanns, spurningar um launaseðla, að vera fólki til aðstoðar í samskiptum við yfirmenn um einhver starfstengd mál, spurningar um kjarasamninga, launaflokka eða eitthvað slíkt,“ segir Klaudia sem setið hefur mörg trúnaðarmannanámskeið og segir þau dýrmæt.

„Bæði eru þau fróðleg en svo myndast tengsl og kynni við aðra trúnaðarmenn stéttarfélagins. Við erum nokkur hér á Nesinu sem erum trúnaðarmenn Kjalar og það er gott að geta borið saman bækur ef eitthvað kemur upp.“



# „Krefjandi starf en fyrst og fremst skemmtilegt“

Málmfríður Sigurðardóttir,  
starfsmaður félagsþjónustu  
Dalvíkurbyggðar

„Mitt starf er í raun tvíþætt því fyrir hádegi fylgi ég tveimur þroskaskertum einstaklingum á þrítugsaldri í vinnu þeirra í Dalvíkurskóla en eftir hádegi hef ég umsjón með frístund yngstu barna við Dalvíkurskóla. Minn vinnudagur er því allur í Dalvíkurskóla þó ég tilheyri starfsmannahópi félagsþjónustunnar. Þetta er því fjölbreytt og krefjandi en fyrst og fremst skemmtilegt. Bæði skemmtilegt að vera með börnunum og líka er gaman að fá að upplifa að vinna með þroskaskertum einstaklingum og kynnast þeirra sýn á lífið og tilveruna. Sem er oft mjög húmorísk,“ svarar Málmfríður Sigurðardóttir, starfsmaður félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar, aðspurð um hvað felist í hennar daglega starfi.

### Aftur á vinnumarkaðinn eftir barneignir

Málmfríður hefur verið í starfi hjá félagsþjónustunni í hálf tít fjórða ár, fyrstu árin í hálfu starfi í stuðningi í Dalvíkurskóla fyrir hádegi en í fyrra bættist yfirumsjónin með frístundinni við.

„Ég eiginlega datt svolítið út af vinnumarkaði á sínum tíma, eignaðist þrjú börn á fjórum árum og var því ekkert úti á vinnumarkaðnum í nokkur ár. En svo kom símtal þar sem mér var boðið að taka að mér stuðning með ungum manni í vinnu við Dalvíkurskóla fyrir hádegi og fyrsta árið var hann einn en nú eru þau orðin tvö sem ég fylgi eftir. Það var því fyrst og fremst tilviljun að ég leiddist inn í þetta starf,“ segir Málmfríður.

### Börn af mörgum þjóðernum

Börnin í frístundinni í Dalvíkurskóla eru að jafnaði rúmlega 30 talsins og mörg þeirra eru af erlendum uppruna, enda hafa margir komið erlendis frá á síðustu árum og sest að í sveitarfélaginu til að vinna í fiskvinnslu Samherja. Málmfríður segir það vera áskorun að fylgja eftir hópi ungra barna sem eru af fleiri þjóðernum.

„Við leggjum áherslu á aðlögun milli hópanna en sjáum líka að þau sækja í sín þjóðerni og sitt tungumál. Við erum með mörg börn af pólskum uppruna og mörg þeirra tala mjög góða íslensku en við sjáum vel hversu miklu máli skiptir fyrir börnin að þau geti tjáð sig á íslensku. Sum þessara barna hafa búið á Íslandi lengi og jafnvel verið í nokkur ár í leikskóla en það kemur líka fyrir að þau koma með fjölskyldum sínum hingað og fara beint inn í grunnskólann. Það getur verið svolítið erfitt hvað tungumálið snertir. En við erum svo heppin að hafa í okkar starfsmannahópi í frístundinni bæði konu sem talar pólsku og líka konu sem hefur tekið að sér að leiðbeina erlendu börnunum í íslenskunni og lestrinum og það er mjög dýrmætt. Hún er eiginlega amma þeirra allra,“ segir Málmfríður.

# Kvennaárið 2025

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað á sínum tíma að árið 1975 skyldi sérstaklega helgað málefnum kvenna. Þetta varð rötin að skipulagningu íslenskra kvennasamtaka á kvennaári og var fyrsti kvennafrídagurinn á Íslandi án efa stærsti viðburður ársins en hann var haldinn á degi Sameinuðu þjóðanna þann 24. október 1975. Dagurinn skipaði sér á bekk með merkari dögum Íslandssögunnar því konur um allt land lögðu niður störf og um 25 þúsund konur söfnuðust saman á Lækjartorgi í Reykjavík á einum stærsta fjölda fundi sem haldinn hafði verið á landinu. Um 90% íslenskra kvenna lögðu niður launuð sem ólaunuð störf þennan dag og þessi fyrsti íslenski kvennafrídagur, sem stöðvaði hjól íslensks samfélags, vakti ekki aðeins athygli hér á landi heldur víða um heim. Tilgangurinn var að mótmæla margvíslegri mismunun gegn konum á vinnumarkaðnum sem og að vekja athygli á framlagi kvenna til samfélagsins.

Í haust verða því 50 ár liðin frá þessum merka viðburði. Að því tilefni hefur Kjölur stéttarfélag, líkt og önnur aðildarfélög BSRB, önnur stéttarfélög og fjölmörg félagasamtök tekið höndum saman og standa að Kvennaári 2025 sem verður uppfyllt af viðburðum og ýmsum hátíðarhöldum. Konur og kvár á Íslandi ætla að láta raddir sínar hljóma enn hærra en nokkru sinni og krefjast aðgerða gegn ofbeldi, aðgerða gegn launamun kynjanna, aðgerða til að bæta stöðu mæðra og aðgerða gegn mismunun á vinnumarkaði. Kvennafrídagurinn hefur verið haldinn alls sjö sinnum á þessari hálfu öld þar sem konur minna svo um munar á baráttumál sín með kvennaverkföllum og útifundum um allt land. Árið

2023 var nafninu breytt í Kvennaverkfall og söfnuðust yfir 100.000 konur saman á Arnarhóli í Reykjavík og sýndu kraftinn í samstöðunni. Auk þessa var blásið til netherferðar árið 2020 þegar ekki var unnt að efna til funda vegna samkomutakmarkana.

Sagan sýnir að sameiginlegur kraftur kvenna er óstöðvandi með slagorðið að vopni:

## Við getum, þorum og viljum!

Gerum Kvennaárið 2025 ógleymanlegt. Saman breytum við samfélaginu.

1975 - Fyrsti kvennafrídagurinn

1985 - Kvennafrídagurinn - Konur stöndum saman

2005 - Kvennafrídagurinn - Konur höfum hátt

2010 - Kvennafrídagurinn - Gengið út gegn kynferðisofbeldi

2016 - Kvennafrídagurinn - Kjarajafnrétti strax

2018 - Kvennaverkfall - Breytum ekki konum, breytum samfélaginu

2020 - Netherferð. Ekki hægt að koma saman vegna heimsfaraldurs

2023 - Kvennaverkfall - Kallarðu þetta jafnrétti?

Fylgist með:

Heimasíða kvennaárs 2025 - [www.kvennaar.is](http://www.kvennaar.is)

Heimasíða kvennasögusafns - [www.kvennasogusafn.is](http://www.kvennasogusafn.is)



# Mannauðssjóðurinn Hekla tekur til starfa

Haustið 2024 var gengið frá sameiningu mannauðssjóða með bókun í kjarasamningi Kjalar og annarra bæjarstarfsmannafélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið er að byggja upp enn öflugri sjóð til að vinna að fræðsluverkefnum.

## Styrkveitingar og rekstur mannauðsseturs

Sjóðurinn hefur fengið nafnið Mannauðssjóðurinn Hekla og er honum ætlað að veita styrki til fræðsluverkefna á vegum sveitarfélaga og stofnana þeirra sem tengjast markvissri starfsþróun starfsfólks sveitarfélaga. Auk þess rekur sjóðurinn mannauðssetur sem mótar stefnu og vinnur tillögur að fræðslutækifærum auk þess að styðja og skipuleggja fræðslu til stofnana m.a. um skipulag og framsetningu símenntunaráætlana.

Unnið er að nýjum úthlutunarreglum fyrir sjóðinn og á meðan verður ekki tekið á móti umsóknum.

## Hrund ráðin framkvæmdastjóri

Mannauðssjóðurinn Hekla tekur yfir starfsemi eldri sjóðanna. Skrifstofu sjóðsins hefur verið fenginn staður í Alþýðuhúsinu á Akureyri, Skipagötu 14 Akureyri, við hlið skrifstofu Kjalar stéttarfélags.

Starf framkvæmdastjóra sjóðsins var auglýst nú í byrjun árs og var Grund Hlökkversdóttir ráðin úr hópi umsækjenda. Hún er menntuð kennari frá Kennaraháskóla Íslands árið 1997 og lauk M.ed prófi með áherslu á stjórnun menntastofna frá Háskólanum á Akureyri árið 2011. Grund hefur lengst af starfað við



Grund Hlökkversdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðssjóðsins Heklu.

Mynd: Linda Ólafsdóttir

kennslu í grunnskólum og leikskólum í Reykjavík og á Akureyri en aðallega við stjórnun og gegndi hún starfi skólastjóra Hrafngilsskóla í tólf ár.

Grund hefur einnig skrifað námsbækur og gefið út skáldsögur síðustu ár.

## Samruni Brúar og LSA í farvatninu

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar var stofnaður árið 1942, ári eftir stofnum Starfsmannafélags Akureyrarbæjar.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) hefur samþykkt að hefja viðræður um samruna sjóðsins við Brú lífeyrissjóð frá og með 1. janúar 2025, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í þeim sjóði. Slíkur samruni felur í sér að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga verður óbreytt og að eignir og skuldbindingar sjóðsins verða algjörlega aðskildar öðrum eignum og skuldbindingum Brúar lífeyrissjóðs.

Viljayfirlýsingin er gefin út á grunni bókana bæjarráðs Akureyrarbæjar annars vegar og stjórnar Kjalar stéttarfélags hins vegar, þar sem framangreindir aðilar samþykkja að farið verði í fýsileikakönnun á samruna LSA og Brúar.

Leiði viðræðurnar til tillögu um samruna sjóðanna verður hún, að fengnum staðfestingum bæjarráðs Akureyrarbæjar og stjórnar Kjalar stéttarfélags, lögð fyrir ársfund sjóðsins á árinu 2025 til samþykktar. Samþykki ársfundurinn tillöguna verður hún send Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar. Þar til slík staðfesting fæst verður rekstur sjóðsins með óbreyttu sniði í höndum Stapa lífeyrissjóðs samkvæmt rekstrarsamningi.

# Sveitarfélög ársins útnefnd í þriðja sinn

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur fékk hæstu einkunn í vali á sveitarfélögum sem hljóta nafnbótina *Sveitarfélag ársins 2024* en sú útnefning var þriðja árið í röð í október síðastliðnum. Fjögur sveitarfélög hlutu nafnbótina að þessu sinni, þ.e. Skeiða- og Gnúpverjahreppur 4.448 stig, Sveitarfélagið Skagaströnd 4.397 stig, Bláskógabyggð 4.275 stig og Sveitarfélagið Vogar 4.142 stig.

Útnefningin var á grunni niðurstaðna viðhorfskönnunar félagsfólks 10 bæjarstarfsmannafélaga hjá sveitarfélögum á þeirra félagssvæðum og var hún gerð í samstarfi við Gallup. Svarendur í könnuninni hafa aldrei verið fleiri en í fyrra eða ríflega 1900.

Tilgangurinn með könnuninni er að hvetja stjórnendur sveitarfélaga til að veita starfsumhverfi meiri athygli og ráðast í um-

bótaverkefni þar sem þess er þörf. Markmiðið er einnig að niðurstöðurnar skapi almenna umræðu um starfsumhverfi og stjórnun á vinnustöðum, félagsfólki stéttarfélaganna til hagsbóta. Ekki síst er tilgangurinn að veita góðum vinnustöðum viðurkenningu fyrir að hlúa vel að starfsfólki.

Reiknuð var heildareinkunn út frá níu þáttum sem spurt var um í könnuninni en það eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd vinnustaðar, ánægja og stolt og jafnrétti. Þegar niðurstöður eru bornar saman við sambærilega könnun árið 2023 kom í ljós að allir þættirnir níu fengu betri einkunn árið 2024.

## Einkunnir einstakra sveitarfélaga (alls 1080 svarenda)

Sveitarfélög	Heildareinkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd sveitarfélags	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
<b>Meðaltal</b>	4,020	+/-0,08	4,11	4,15	3,15	3,73	4,22	4,19	3,97	4,17	4,25	
1. Skeiða- og Gnúpverjahreppur	4,448	+/-0,18	4,59	4,50	3,97	4,02	4,46	4,45	4,46	4,70	4,65	35-49%
2. Sveitarfélagið Skagaströnd	4,397	+/-0,10	4,35	4,46	3,91	4,33	4,61	4,38	4,42	4,46	4,57	80-100%
3. Bláskógabyggð *	4,275	+/-0,07	4,54	4,45	3,38	3,86	4,26	4,33	4,30	4,45	4,51	60-69%
4. Sveitarfélagið Vogar	4,142	+/-0,16	4,28	4,27	2,76	3,87	4,40	4,29	4,11	4,29	4,57	35-49%
5. Múlaþing	4,097	+/-0,10	4,23	4,26	3,44	3,79	4,17	4,13	3,98	4,31	4,30	50-59%
6. Borgarbyggð	4,087	+/-0,13	4,29	4,23	3,15	3,57	4,32	4,24	4,03	4,32	4,31	35-49%
7. Vestmannaeyjabær	4,082	+/-0,11	4,15	4,30	3,16	3,80	4,25	4,28	4,02	4,29	4,26	35-49%
8. Rangárþing eystra	4,077	+/-0,16	4,14	4,23	3,11	3,81	4,33	4,10	4,02	4,30	4,37	35-49%
9. Ísafjarðarbær	4,065	+/-0,15	4,24	4,28	3,13	3,66	4,19	4,29	3,94	4,35	4,21	35-49%
10. Stykkishólmsbær	4,029	+/-0,20	4,09	4,03	3,23	3,69	4,18	4,21	3,85	4,15	4,53	35-49%
11. Mosfellsbær	4,022	+/-0,07	4,09	4,04	3,05	3,73	4,26	4,26	4,12	4,18	4,23	35-49%
12. Grímsnes- og Grafningshreppur *	4,012	+/-0,08	4,16	4,11	3,42	3,94	4,16	4,20	3,81	3,96	4,16	80-100%
13. Sveitarfélagið Ölfus *	4,000	+/-0,06	4,19	4,12	3,04	3,76	4,29	4,14	3,87	4,22	4,10	60-69%
14. Akureyrarbær	3,949	+/-0,09	4,06	4,17	2,67	3,71	4,10	4,29	3,99	4,11	4,15	35-49%
15. Rangárþing ytra	3,933	+/-0,18	4,01	3,98	3,26	3,45	4,16	4,27	3,88	4,03	4,19	35-49%
16. Fjallabyggð	3,911	+/-0,12	4,01	4,05	2,91	3,65	4,04	4,21	4,03	4,08	4,00	35-49%
17. Grundarfjarðarbær	3,897	+/-0,15	3,82	4,02	3,22	3,65	4,24	4,01	3,86	4,09	4,09	50-59%
18. Húnaþing	3,886	+/-0,27	3,80	3,89	3,46	3,66	4,27	3,75	3,80	4,00	4,26	35-49%
19. Dalvíkurbyggð	3,838	+/-0,11	3,85	3,96	2,97	3,58	4,14	4,12	3,65	3,91	4,18	35-49%
20. Sveitarfélagið Árborg	3,798	+/-0,09	3,91	3,96	2,72	3,52	4,03	4,01	3,78	3,92	4,04	35-49%
21. Skagafjörður	3,782	+/-0,12	3,79	4,04	2,71	3,58	3,95	4,09	3,84	3,98	3,89	35-49%
22. Fjarðabyggð	3,723	+/-0,15	3,84	3,92	2,71	3,43	4,01	4,01	3,62	3,73	3,98	50-59%

\* Þessi sveitarfélög buðu öllu starfsfólki þátttöku

A.m.k. 75% sveitarfélaga eru með lægri einkunn

A.m.k. 25% sveitarfélaga eru með hærri einkunn og 50% eru með lægri einkunn

A.m.k. 50% sveitarfélaga eru með hærri einkunn og 25% eru með lægri einkunn

A.m.k. 75% sveitarfélaga eru með hærri einkunn





## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu verður haldinn fimmtudaginn 20. mars kl. 16:30 í Hamri í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Fundurinn verður einnig í fjarfundi og þurfa þátttakendur að skrá sig á fundinn á heimasíðu félagsins: [www.kjolur.is](http://www.kjolur.is)

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf; skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta ári og afgreiðsla reikninga.

### Dagskrá

- » Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
- » Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
- » Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga.
- » Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
- » Tekin fyrir málefni starfsmenntunarsjóðs skv. reglum sjóðsins.
- » Tekin fyrir málefni Átaks- og vinnudeilusjóðs, skv. reglugerð sjóðsins.
- » Samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.
- » Önnur mál sem getið er sérstaklega í fundarboði, s.s. kjaramál eða annað.
- » Önnur mál.

Stjórn Kjalar stéttarfélags